

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. febrúar 2022


**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar (142. mál)**

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar, dags. 27. janúar sl., um ofangreint mál, á þingskjali 144.

Félagið veitti umsögn um málið á 151. þingi (42. mál) og hefur engu við hana að bæta. Sú umsögn er fylgiskjal.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjal: Umsögn FA um 42. mál á 151. löggjafarþingi

Nefndasvið Alþingis  
B.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2020

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um um stóreflingu innlendar  
matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar (42. mál)**

Félag atvinnurekenda vísar til beiðni atvinnuveganefndar frá 11. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar félagsins um ofangreinda tillögu á þingskjali 42.

Félag atvinnurekenda telur að landbúnaður, rétt eins og aðrar atvinnugreinar, eigi að búa við stöðugt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi. Félagið leggst hins vegar almennt gegn ríkisstyrkjum til atvinnustarfsemi og hömlum á frjálsa milliríkjaverzlun og virka samkeppni. Þingsályktunartillaga þessi inniheldur svo mikið af tillögum um slíkt að félagið sér enga ástæðu til að hún fái brautargengi.

Flutningsmenn virðast vilja að sjóðir skattgreiðenda verði opnaðir og styrkir til landbúnaðarins stórauknir, á sama tíma og undanþágur greinarrinnar frá samkeppnislögum verði útvíkkaðar og landbúnaðurinn varinn fyrir alþjóðlegri samkeppni með hækkun tolla, samdrætti tollfrjálsra innflutningsheimilda og tæknilegum viðskiptahindrunum. Þessi tillaga fer fram úr villtustu draumum hinna afturhalds-, verndar- og ríkisforsjársinnuðustu í hópi bænda og á ekkert erindi við samtímann.

Tillagan inniheldur hugmyndir um brot á EES-samningnum með því að banna innflutning á ófrosnu kjöti, eggjum og ógerilsneyddum matvælum og gera kröfur um matvælamerkingar sem ekki standast samninginn. Þá leggja flutningsmenn, sem voru forsætisráðherra og utanríkisráðherra þegar tollasamningur við Evrópusambandið var gerður, til að þeim hinum sama samningi, sem fært hefur almenningi miklar hagsbætur, verði sagt upp.

FA á bágð með að sjá að þingsályktunartillaga þessi sé sett fram í alvöru og mælir ekki með samþykkt hennar á Alþingi.

Félagið áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA